


ORMARSÁ Á SLÉTTU 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91009X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

ORMARSÁ Á SLÉTTU 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91009X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

ORMARSÁ 1991

INNANGANGUR

Dagana 16.-17. ágúst 1991 var gerð athugun á seiðastofnum Ormarsár á Sléttu. Þetta er í þriðja skipti sem seiðabúskapur árinna er kannaður, en það var áður gert árin 1986 og 1989 (Tumi Tómasson 1990). Áð þessu sinni var rafveitt á 12 stöðum. Efsti veiðistaðurinn var um 1 km fyrir neðan Arnarstaðavatn, um 100 m fyrir ofan raflínu, og neðsti staðurinn fyrir neðan þjóðvegsbrúna, um 1 km frá ósi. Reynt er að veiða á því sem næst sömu stöðum frá ári til árs og þá eru valdir staðir á hverju svæði sem bjóða upp á sem best skilyrði fyrir laxaseiði af sem flestum stærðum. Þannig fæst raunhæfast mat á árgangastyrkleika og útbreiðslu mismunandi árganga lax um ána.

Veiðimenn hafa verið duglegir að safna hreistursýnum og er hér gerð grein fyrir aldursgreiningu sýna frá 1990 og þeim sýnum sem höfðu borist úr veiðinni 1991, en þar vantar eflaust töluvert upp á.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Útbreiðsla náttúrulegra seiða er nú mun meiri í ánni en áður hefur mælst. Seiði á öðru ári fundust í töluverðu magni á efsta rafveiðistaðnum (staður 3, Mynd 1 og 2, Tafla 1). Þar var líka að finna stærri seiði, aðallega úr sleppingum frá 1990, en einnig voru þar innan um náttúruleg 3+ seiði sem virtust þó vera í miklum minnihluta. Á stað 4 fundust auk sleppiseiðanna vorgömul seiði (0+) og seiði á öðru ári (1+). Frá rafveiðistað 5 og niður úr er nær eingöngu um náttúruleg seiði að ræða, þótt vart hefði orðið við örfá vorgömul sleppiseiði á stað 8, þar sem þeim var algjörlega ofaukið.

Það virðist hafa verið einkenni á seiðabúskap Ormarsár á undanfórnum árum að einstaka sinnum verði til sterkir árgangar, en þess á milli getur nýliðunin orðið mjög léleg. Þannig sýndi greining hreistursýna að veiðin 1986 og 1987 var

borin uppi af einum klakárgangi. Í rafveiðunum 1986 voru 1+ seiði ríkjandi og árið 1989 voru 2+ seiði nær allsráðandi víðast í ánni.

Samkvæmt rafveiðunum nú eru seiðin óvenju væn, enda árferði með besta móti. Árgangurinn sem var svo sterkur 1989, þá 2+, nú 4+, er nær allur genginn til sjávar. Hann hefur eitthvað verið farinn að ganga út 1990 en aðallega hefur hann þó gengið út s.l. vor og restin mun ganga út vorið 1992. Þótt ekki sé hægt að fullyrða um styrkleika 0+ árgangsins, þá virðist nýliðun vera í góðu lagi, því seiði af þessum aldri veiddust víða í ánni þótt ekki væru þau á öllum stöðunum. Eins og áður sagði eru seiði á öðru ári (1+) um alla ána, og 3+ seiði einnig, þó aðallega fram að Einarsskarðskvísl. Þessi seiði voru mjög væn og mun stór hluti þess árgangs halda til sjávar næsta vor nema ef tíðarfar yrði vel undir meðallagi.

Seiði á þriðja ári (2+) eru víða í ánni en þau eru tiltölulega smá og fremur fáliðuð. Þessi seiði klöktust úr hrogni 1989 og það sumar, sem og 1990, var óvenju kalt og stutt, en því smærri sem seiðin eru, því meiri áhrif hefur lágur vatnshiti á vöxt seiða. Í heildina má þó segja að uppeldisskilyrði árinna fyrir laxaseiði séu nú vel nýtt í Ormarsá og stærðardreifing seiða góð.

Árið 1990 var sleppt um 5000 seiðum í Ormarsá, frá vatninu og niður undir Einarsskarðskvísl og virðist sú slepping hafa tekist vel. Í sumar var sleppt um 6000 seiðum, aðallega upp við vatnið og svo í ána fyrir framan enda bleikjuvegarins. Ekki var veitt þar sem hafði verið sleppt framfrá, en á neðri staðnum var nóg af seiðum fyrir.

VEIÐIN Í ORMARSÁ

Sumarið 1990 veiddust alls 187 laxar, þar af 64 smálaxar og 122 stórlaxar. Einnig voru skráðar 181 bleikja og 20 urriðar (Guðni Guðbergsson, 1991). Þetta lætur nærri því að vera meðalveiði 16 ára þar á undan (175 laxar) og þetta var ein af

fáum ám á Norðurlandi sem gaf betri veiði en meðalveiði það árið. Hlutur smálaxa í veiðinni var hinsvegar mjög lítill sem kom fram í slakri stórlaxaveiði sumarið 1991. Þegar þetta er skrifað í byrjun september eru komnir rúmlega 130 laxar upp úr Ormarsá, aðallega smálaxar. Það stefnir því í að veiðin verði heldur lakari en í meðalári.

Aldursgreining hreistursýna (Töflur 2 og 3) sýnir að smálaxaveiðin 1990 var í raun enn rýrari en veiðitölur gefa til kynna því þó nokkuð bar á að sá smálax sem veiddist hefði sloppið úr eldi. Hinsvegar fannst ekki eldislax í sýnum af stórlaxi úr veiðinni 1991. Tvö sýni af smálöxum úr veiðinni 1991 og eitt af stórlaxi 1990 með þriggja ára ferskvatnsaldur eru líklega úr smáseiðasleppingum. Í köldum vorum eins og voru 1989 og 1990 er eðlilegt að hluti sleppiseiða séu auka ár í ánni, en þó er algengast að slík seiði fari út eftir tveggja ára ferskvatnsdvöl, sé vel að sleppingunum staðið.

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Það er greinilegt að nú er mikil uppsveifla í laxastofninum í Ormarsá. Áin nýtist öll vel til seiðauppeldis og ekki eru áberandi eyður í stærðardreifingu seiða. Fyrstu merki um uppsveifluna er að finna í smálaxaveiðinni 1991, en strax á næsta ári má gera ráð fyrir að veiðin verði aftur komin upp í það sem hún var þegar best lét.

Sumarið 1991 var mikið góðári í ánni, eins og reyndar víðar í ám á Norðurlandi og allt bendir til að gönguseiðaframleiðsla verði mjög góð vorið 1992. Áframhaldið ræðst síðan mikið af árferði og ásetningi.

Seiði í Ormarsá vaxa frekar hægt og það er mikilvægt að þéttleiki seiða verði ekki of mikill. Í sumar hefur seiðapéttleiki aðlagast ástandi sem er ekki dæmigert og verra árferði getur haft mjög slæm áhrif. Þó virðist sem mikið muni létta á beitinni næsta vor og vorgömul seiði virtust ekki vera óþarflega þétt í ánni. Ég tel það þó vera sjálfsagða öryggisráðstöfun að reyna að takmarka

hrygningarstofninn neðantil í ánni með netaveiði eða ádrætti að veiðitíma loknum.

Náttúruleg seiði eru nú um alla á og það er ekki ástæða til að sleppa seiðum í ána næsta sumar og vafasamt að það muni borga sig 1993. Eftir það þyrfti að endurmeta ástandið.

Núna má reikna með mikilli uppsveiflu í laxveiðinni næstu árin. Ormarsá er mjög löng og ég álít það sjálfsagt að reyna að fjölga stöngum nú, einkum til að jafna veiðiálagið um ána. Þannig mætti hugsa sér að bæta við "silungastöng" sem væri einskorðuð við neðsta hluta árinna og aðra stöng sem fyrst og fremst væri ætlað að veiða framantil í ánni, og þá e.t.v. bara 2 síðustu mánuði veiðitímans. Það mætti líka hugsa sér einhverja aðra skiptingu á stöngum milli svæða. Verði verulega aukin laxgengd, eins og allt bendir nú til, þá verður að mæta henni með auknu veiðiálagi sem víðast í ánni.

HEIMILDIR

Guðni Guðbergsson, 1991. Laxveiðin 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017, 18 bls.

Tumi Tómasson, 1990. Ormarsá á Sléttu 1986-1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/90007X, 17 bls.

Tafla 1.

Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri, urriða-
og bleikjuseiða á hverja 100 m² í Ormarsá
16.-17. ágúst 1991.

Stöð nr	Stærð m ²	Lax					Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+		
3 (1)	35x11	-	8.8	-	-	-	1.8	0.3
4 (3)	35x12	1.4	7.4	-	-	-	1.4	-
5 (4)	30x15	-	0.7	0.7	4.9	0.7	0.9	-
6 (4a)	30x12	-	2.5	2.5	5.0	1.9	-	0.8
7 (5)	40x11	-	3.4	2.3	5.9	0.9	0.2	0.5
8 (6)	20x10	5.0	4.5	7.0	7.0	-	1.0	0.5
9 (10)	45x8	-	1.4	1.4	4.4	0.8	1.4	0.8
10 (12)	30x15	-	4.2	0.2	4.4	2.7	0.2	5.3
11 (14)	25x12	0.3	6.0	0.7	7.7	-	1.0	-
12 (15)	30x14	3.1	1.4	0.5	5.7	1.0	-	-
13 (16)	40x8	-	4.1	1.6	5.6	2.2	5.0	-
14 (17)	30x12	8.6	6.7	2.2	4.4	0.3	1.7	-

Tafla 2.

Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna úr
laxveiðinni í Ormarsá 1990.


Ár í ferskvatni	Ár í sjó					
	1		2		3	
	fj	%	fj	%	fj	%
eldislax	5	45	1	3	-	-
2	-	-	3	8	-	-
3	1	9	15	41	1	100
4	3	27	15	41	-	-
5	2	18	3	8	-	-
Samtals	11	99	37	101	1	100

Að auki bárust 3 sýni af stórlöxum sem ekki voru læsileg.

Tafla 3.


Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna úr
laxveiðinni í Ormarsá 1991.

Ár í ferskvatni	Ár í sjó			
	1		2	
	fj	%	fj	%
eldislax	2	13	-	-
2	2	13	1	17
3	9	56	1	17
4	3	19	4	67
Samtals	16	101	6	101



Mynd 1.

Rafveiðistaðir í Ormarsá á Sléttu.



Mynd 2.

Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Ormarsá á Sléttu 16.-17. ágúst 1991.